

Nr. 067 / 16 Guðrún BA 127**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2085
Útgerð: Útgerðarfélagið Dagný ehf
Smíðaður: Noregi 1990 plast
Stærð: 6 brl. 9,4 bt.
Mesta lengd: 10,54 m Skráð lengd: 9,54 m
Breidd: 3,35 m Dýpt: 2,09 m
Vél: Deutz 148 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 1



Guðrún©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. júlí 2016 var Guðrún BA 127 á strandveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NNA 8 m/s.

Skipstjóri tilkynnti til Vaktstöðvar siglinga að báturinn væri vélavana um 4 sml undan Blakk og óskaði eftir aðstoð. Björgunarskipið Vörður II dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að bilun reyndist í rafkerfi bátsins og skipta þurfti um kveikjulás sem var bilaður.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.